SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2026

– HEIÐARSKÓLI –

Efnisyfirlit

Kafli 1 Innra mat skólans 2

Kafli 2 Langtímaáætlun 3

Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið 5

Kafli 4 Greinargerð um innra mat 6

Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf 9

Kafli 4.2 Gæði kennslu 11

Kafli 4.3 Námsárangur nemenda 12

Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda 14

Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks 15

Kafli 4.6 Viðhorf foreldra 16

Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans 17

Kafli 5 Umbótaáætlun 20

Kafli 1 Innra mat skólans

Inngangur

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla árið 2011. Skólasaga Heiðarskóla (áður Leirárskóla) nær þó mun lengra aftur, eða allt til 9. nóvember 1965. Því fagnaði skólinn 60 ára afmæli haustið 2025. Í grunnskólanum eru 87 nemendur í vetur og alls starfa 26 starfsmenn við skólann þegar allt er talið.

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 er öllum grunnskólum skylt að sinna kerfisbundnu sjálfsmati. Markmið þess er að kanna hvort skólinn nái settum markmiðum, greina styrkleika og veikleika í skólastarfi og leggja þannig grunn að markvissum umbótum. Á skólaárinu 2024–2025 urðu breytingar á framkvæmd innra mats, þar sem hafin var notkun BRAVOLesson-kerfisins til að meta valin gæðaviðmið og halda utan um niðurstöður. Stuðst er við gæðaviðmið Menntamálastofnunar sem skiptast í þrjú megin svið: Faglegt samstarf og samræða, Nám og kennsla og Innra mat. Hvert svið skiptist síðan í undirkafla sem nýttir eru sem grunnur við matið hverju sinni. Kerfið býður jafnframt upp á að stjórnendur heimsæki kennslustundir til að fylgjast með gæðum kennslu.

Auk þessa eru ýmis önnur gögn notuð í innra mati, þar á meðal niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins; nemendakönnun, starfsmannakönnun og foreldrakönnun. Þá eru starfsmannasamtöl og önnur tilfallandi gögn einnig höfð til hliðsjónar við mótun umbótaáætlunar, svo sem teymiskannanir eftir því sem við á.

Skólastarf mótast af fjölmörgum þáttum og skólar þurfa að bregðast við ólíkum þörfum nemenda og samfélags. Sjálfsmat er því samfelld og langtímamiðuð vinna sem felur í sér reglubundna gagnasöfnun, mat á gæðum skólastarfs og aðgerðir sem stuðla að umbótum. Megintilgangurinn er að efla skólastarf, deila þekkingu og styðja við þróun og vöxt skólans.

Líkt og fyrri ár starfar sérstakt sjálfsmatsteymi innan skólans. Í teyminu sitja kennarar af öllum skólastigum ásamt skólastjórnendum. Á nýafstöðnu skólaári skipuðu teymið Heiða (yngstastig), Sigurður T. (miðstig), Eyrún Sif (elstastig), Sólrún (list- og verkgreinar), ásamt Sigurði Þ. og Sigríði Láru skólastjórnendum.

Grunnskólalög kveða einnig á um að sveitarfélög beri ábyrgð á mati og eftirliti með skólastarfi. Þau skulu veita menntamálaráðuneytinu upplýsingar um innra og ytra mat skóla, framkvæmd skólastefnu og áætlanir um umbætur. Samkvæmt lögum sinnir ráðuneytið jafnframt greiningu og miðlun gagna um skólahald.

Skólar geta valið þær aðferðir sem henta best við sjálfsmat, en tiltekin viðmið og leiðbeiningar liggja fyrir af hálfu ráðuneytisins. Til að sjálfsmat teljist fullnægjandi þarf það að vera formlegt og áreiðanlegt, byggt á samstarfi, miða að umbótum og árangri, taka tillit til skólastofnunar og einstaklinga, og vera bæði lýsandi og greinandi ásamt því að vera opið og gagnsætt.

Um innra mat skólans

Starfsmenn skólans vinna að sjálfsmati í matshópum á tilteknum skipulagsdögum, skipting í hópa fer eftir aldursstigum og skipan í teymi. Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir gæðaviðmiðum í

BRAVOLesson: *Framúrskarandi; Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði. A – Mjög gott; Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. B – Gott; Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. C – Ábótavant; Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. D – Óviðunandi; Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Matsaðilar koma sér saman um eina heildareinkunn sem gefin er fyrir tiltekin matsþátt sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir.

Kafli 2 Langtímaáætlun

Matsáætlun um innra mat

Að setja fram skýra matsáætlun fyrir innra mat hefur margvíslegan ávinning. Hún gerir fyrst og fremst markmið og tilgang matsins greinileg og hjálpar skólasamfélaginu að beina sjónum að þeim þáttum sem mestu skipta. Með því er tryggt að matið nýtist til raunhæfra og markvissra umbóta í skólastarfi.

Vel mótuð matsáætlun eykur einnig skipulag og festu í vinnunni. Hún dregur úr hættu á að matið verði tilviljunarkennt eða aðeins unnið til að uppfylla formkröfur án þess að skila áþreifanlegum breytingum. Þvert á móti verður innra mat hluti af daglegu starfi skólans, þar sem kerfisbundið er leitað leiða til að efla nám og kennslu.

Áætlunin á jafnframt að stuðla að víðtækari þátttöku allra sem tengjast skólanum, þ.e. kennara, nemenda, foreldra og skólastjórnenda. Þegar matsferlið er skýrt og aðgengilegt eykst skilningur á hlutverkum og ábyrgð og líkurnar aukast á að fleiri taki virkan þátt. Þannig verður innra mat sameiginlegt umbótaferli en ekki eingöngu verkefni stjórnenda.

Matsáætlun styður skólann einnig í að safna gögnum og leggja mat á árangur út frá staðreyndum. Þegar ákvarðanir byggja á traustum upplýsingum styrkist grundvöllur umbótastarfs og auðveldara verður að fylgjast með þróun skólastarfsins til lengri tíma og meta hvaða aðgerðir skila bestum árangri.

Að lokum getur skýr matsáætlun stuðlað að betri nýtingu á tíma og öðrum auðlindum. Hún minnkar óvissu, dregur úr tvíverknaði og auðveldar forgangsröðun og skipulag verkefna. Jafnframt styður hún við lög og reglugerðir um innra mat í grunnskólum og tengir matsvinnuna við stefnu og framtíðarsýn skólans.

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
1.1 Samvikni í stefnumótun				X
1.2 Faglegt samstarf og samræða	X			
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu				X
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga		X		

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir		X		
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting	X			
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks			X	

Nám og kennsla	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
2.1 Inntak og námskrá	X			X
2.2 Árangur náms			X	
2.3 Gæði kennslu	X	X	X	X
2.4 Skipulag náms	X			X
2.5 Námsvitund		X		
2.6 Ábyrgð og þátttaka			X	

Innra mat	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
3.1 Skipulag		X		X
3.2 Framkvæmd		X		X
3.3 Umbætur		X		X

Námsárangur nemenda	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Matsferill lagður fyrir í 4. 6. og 9. bekk, auk þess sem stöðupróf eru nýtt í öðrum árgöngum.	X	X	X	X
Lesferill lagður fyrir hjá öllum árgöngum í Heiðarskóla.	X	X	X	X
Viðhorf og líðan	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Skólapúlsinn 2 - 5. bekkur	X	X	X	X
Skólapúlsinn 6 - 10. bekkur	X	X	X	X
Starfsmannakönnun Skólapúlsins	X		X	
Foreldrakönnun Skólapúlsins	X	X	X	
Starfsmannakönnun sveitarfélagsins		X		

Menntastefna og stefna skólans	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Menntastefna Hvalfjarðarsveitar 2022 - 2030		X		X
Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	X	X		

Hér á eftir að staðfesta ártöl, sérstaklega hvað varðar starfasmanna- og foreldrakannanir Skólapúlsins. Þær hafa verið lagðar fyrir annað hvert ár, en verða líklegast lagðar fyrir á næsta skólaári 2026 - 2027.

Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið

Skipulag matsins fyrir yfirstandandi skólaár

Viðfangsefni	**Kafli - þáttur**	**Markmið**	**Gagnaöflun - Hvenær metið**	**Hvernig metið**	**Ábyrgð**	**Viðmið um árangur**
Innleiðing á skólanámskrá	Stjórnun	Að hefja innleiðingu á nýrri skólanámskrá.		Matslisti	Stjórnendur og kennarar	Að ný skólanámskrá sé samþykkt og birt opinberlega og að unnið sé eftir henni á yfirstandandi skólaári.
Kennsluhættir og gæði kennslu	Nám og kennsla	Að efla leiðsagnarnám	Innlit í kennslustundir og mat teyma á gæðagreinum	Matslistar	Stjórnendur og kennarar	Að kennsluhættir leiðsagnarnáms séu ríkjandi og leiði af sér bættan námsárangur.
Velferð og líðan nemenda	Skólabragur	Að fá fram skoðanir og álit nemenda	Skólapúlsinn, nemendaviðtöl og foreldra-viðtöl	Kannanir og samtöl	Stjórnendur og kennarar	Að niðurstöður úr nemenda- og foreldrakönnun um Skólapúlsins sýni að velferð og líðan nemenda sé almennt góð.
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	Mannauður	Að fá fram skoðanir og álit starfsmanna	Starfsmannasamtöl og teymisfundir, auk	Könnun og samtöl	Stjórnendur og starfsfólk	Að niðurstöður úr starfsmanna-samtölum og

			starfsmannakönnunar Skólapúlsins			starfsmanna-könnun séu til að staðfesta mikla starfsánægju og góða líðan starfsmanna.

Kafli 4 Greinargerð um innra mat

Helstu niðurstöður innra matsins

Innra mat í BravoLesson fyrir Heiðarskóla 2025–2026 náði til 97 matsviðmiða innan gæðaviðmiða um stjórnun/faglega forystu (42) og nám/kennslu (55). Heildarniðurstaða sýnir að 87,6% viðmiða eru metin góð eða mjög góð (A/B), sem endurspeglar sterkan grunn í skólastarfi. Á sama tíma komu fram afmörkuð umbótasvið (C/D) sem lúta einkum að markvissari miðlun og samráði við nemendur/foreldra, skýrari verkferlum um viðbrögð og eftirfylgni út frá námsmati, auk eflingar nemendaraddar og gagnsæis í ráðastarfi. Sett eru fram forgangsmarkmið og aðgerðir sem tengjast þessum niðurstöðum og verða endurmetin með sambærilegum hætti í lok skólaárs.

Greining eftir matssviðum (styrkleikar og tækifæri til umbóta)

Gæðaviðmið 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar (A/B-mynd):

Skólanámskrá er metin mjög sterk; í athugasemdum kemur fram að hún sé **í stöðugri endurskoðun** (einstakir kaflar teknir fyrir reglulega).

Faglegt samstarf og samræða (kafli 1.2) kemur best út í heild (hæsta meðaltal kafla) og endurspeglar að teymis- og samstarfsmenning sé almennt góð.

Helstu umbótasvið (C):

1. **Markviss kynning á sýn/stefnu til foreldra og nemenda**

Viðmið: „Foreldrum og nemendum er markvisst kynnt sýn og stefna skólans." → **C**

Ath.: „Kynning til nemenda mætti vera markvissari og betri."

2. **Samstarf um frístund/félagsmiðstöð**

Viðmið: „Markvisst samstarf er um frístundastarf og/eða starfsemi félagsmiðstöðvar." → **C**

Ath.: Bent er á að **stuðningsþörfum nemenda** sé ekki nægjanlega sinnt á opnu húsi og að **skoða þurfi betur** ábyrgð/skipulag.

3. **Fræðslufundur að hausti fyrir skólaráð og aðra trúnaðaraðila**

Viðmið um haustfræðslufund → **C**

Ath.: „Vitum ekki til þess að þetta sé gert."

Ályktun fyrir gæðaviðmið 1:

Stjórnun og fagleg forysta er sterk, en bæta þarf **fyrirsjáanleika og árshjól miðlunar** (stefna/verkferlar kynnt markvisst) og **skýrara samstarf og boðleiðir** við frístund/félagsmiðstöð, sérstaklega varðandi stuðning.

Gæðaviðmið 2 – Nám og kennsla

Heildarmynd: Nám og kennsla eru að mestu metin **góð (B)**, en hér eru flest umbótaviðmið (C og D).

Árangur náms (kafli 2.2) – umbótakjarni

Umbótasvið (C):

Skýr stefna og verkferlar um aðgerðir til að auka námsárangur → C

Ath.: „Vantar skýra verkferla um viðbrögð og eftirfylgni ... þyrfti meiri eftirfylgni með hverjum og einum nemanda...”

Markviss nýting niðurstaðna úr fjölbreyttu mati á læsi → C

Ath.: „Værum til í að bæta okkur í þessu. Vantar verklagsreglur fyrir hópinn.”

Nýting matsramma/lesfimi (MMS) á skólastigi → C

Ath.: „Niðurstöður eru nýttar innan námshópa en ekki skólans í heild... meiri áhersla á lesskilning en lesfimi...”

Ályktun:

Styrkja þarf ferlið „**gögn → greining → ákvörðun aðgerða → ábyrgð → eftirfylgni → endurmat**“ og tryggja að niðurstöður nýtist **á skólastigi** (ekki aðeins innan hópa).

Gæði kennslu (kafli 2.3)

Umbótasvið (C):

Nemendum gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna → C

Ath.: „Mættum bæta okkur í að gera nemendum grein fyrir markmiðum námsins.”

Skipulag og markviss íslenskukennsla fyrir fjöltyngda nemendur → C

Ath.: „Þarf að skipuleggja betur og festa í sessi það verklag sem hefur verið ákveðið.”

Ályktun:

Þörf er á samræmdu verklagi um **sýnileg námsmarkmið** og **stöðuga markmiðamiðlun** í kennslu, ásamt því að festa í sessi skipulag stuðnings við **fjöltyngda nemendur**.

Skipulag náms (kafli 2.4)

Umbótasvið (C):

Skólasafnið sem upplýsingaver → C (engin athugasemd skráð, en einkunn gefur til kynna skort á kerfisbundnu hlutverki/innleiðingu).

Ályktun:

Skýra þarf hlutverk skólasafns í námi (tengja við læsi, upplýsingalæsi, verkefnavinnu, lestrarhvetjandi umhverfi og aðgengi).

Ábyrgð og þátttaka (kafli 2.6) – veikasti kaflinn

Þessi kafli kemur lægst út í meðaltali og inniheldur eina **D-einkunn**.

Umbótasvið (C/D):

Jákvæð samskipti/virðing og menning → C

Ath.: Þörf á að „vinna betur með virðingu og menningu" og markvissari félagsfærniþjálfun.

Þjálfun nemendafulltrúa í skólaráði/nefndum → C

Ath.: „Mætti þjálfa betur."

Upplýsingar um umræður/ákvarðanir nefnda og ráða aðgengilegar öllum nemendum → D (Óviðunandi)

Ath.: „Ekki aðgengilegar fyrir nemendur... Væri hægt að hafa fundargerðir hengdar upp..."

Ályktun:

Forgangsverkefni er að styrkja **nemendalýðræði, gagnsæi og upplýsingaflæði** til nemenda, og gera ráðastarf/nemendaröddd sýnilegri og virkari.

Lykilályktanir

Á grundvelli BravoLesson-niðurstaðna má draga fram eftirfarandi lykilályktanir:

1. **Sterkur grunnur í stjórnun og faglegri forystu** og almennt góðir kennsluhættir (A/B hjá ≈ 87,6% viðmiða).

2. **Skýr umbótatækifæri í nýtingu námsmats og verkferlum** (viðbrögð/eftirfylgni) og því að lyfta greiningu á skólastig.

3. Þörf á að gera **námsmarkmið sýnilegri** og festa í sessi skipulag fyrir **fjöltyngda nemendur**.

4. **Nemendaröddd/gagnsæi** er brýnasta umbótasviðið (m.a. D-einkunn um aðgengi nemenda að upplýsingum úr ráðum/nefndum).

5. Bæta þarf **markvissari kynningu** fyrir foreldra/nemendur og skýra samstarf við frístund/félagsmiðstöð, sérstaklega varðandi stuðningsþarfir.

Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Gæðaviðmið1 – Stjórnun og fagleg forysta

1.2 FAGLEGT SAMSTARF OG SAMRÆÐA

Viðmið um gæðastarf

Stjórnendur skólans hafa miklar væntingar til náms nemenda og hvetja kennara til að vera stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur. Þeir vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu og stuðla á þann hátt að markvissri skólaþróun Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu og skipulag sem auðveldar slíkt samstarf. Stjórnendur hvetja kennara til að rannsaka og rýna saman í árangur aðgerða í kennslu með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda. Stjórnendur stuðla að markvissri starfsþróun kennara, bæði formlega og óformlega og sjá til þess að þeir hafi tækifæri til að taka þátt í samstarfsverkefnum út fyrir skólann.

1.6 STARFSMANNASTJÓRNUN OG VERKASKIPTING

Viðmið um gæðastarf

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Stjórnendur leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks, benda starfsfólki á réttindi sín jafnt og skyldur og veita markvissa endurgjöf á störf.

Gæðaviðmið2 – Nám og kennsla

2.1 INNTAK OG NÁMSKRÁ

Viðmið um gæðastarf

Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í skipulagi og störfum allra. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Sérhver nemandi fær nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita nægjanlegan stuðning og eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Námsvísar, bekkjarnámskrár eða áætlanir um nám árganga eða einstaklinga innihalda markmið og viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og samfellu í námi nemenda. Markmið náms eru sýnileg, kynnt og aðgengileg nemendum og foreldrum.

2.3 GÆÐI KENNSLU

Viðmið um gæðastarf

Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á

markmiðum og viðmiðum um árangur. Í skipulagi kennara kemur fram hvernig námsaðlögun er háttað.

2.4 SKIPULAG NÁMS

Viðmið um gæðastarf

Kennarar/kennarateymi vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/ eða þvert á árganga. Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms og samvinnu nemenda í námi. Nemendur fá svigrúm til umræðna og vita að skoðanaskipti eru hluti af námsferli. Hlúð er að sköpunarþörf nemenda. Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gerir þeim og foreldrum grein fyrir stöðu og næstu skrefum. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis. Námsgögn eru fjölbreytt og nemendum aðgengileg.

Niðurstöður

Styrkleikar

Fagleg forysta og skýr stefna

Viðmiðin leggja ríka áherslu á að stjórnendur móti metnaðarfulla námsmenningu, hafi miklar væntingar til nemenda og styðji kennara í að þróa kennsluhætti. Það er sterkur grunnur að gæðum þegar stjórnun er virk, markviss og beinist að námi og kennslu.

Faglegt samstarf starfsfólks

Mikilvægt er talið að kennarar eigi samtal um nám, kennslu og árangur og vinni saman að skipulagi náms. Slíkt samstarf styrkir samfellu í kennslu, eykur samræmi og stuðlar að sameiginlegri ábyrgð á framförum nemenda.

Virðing fyrir fjölbreytileika og einstaklingsmiðun

Viðmiðin undirstrika að nemendur eigi að fá nám við hæfi, stuðning og krefjandi verkefni í samræmi við þarfir sínar og hæfni. Það er sterkur þáttur í skólastarfi þegar fjölbreytileiki nemenda er viðurkenndur og námsaðlögun er sýnileg í skipulagi kennslu.

Gæði kennslu og markvisst námsmat

Viðmiðin lýsa kennslu sem á að vera vel skipulagða, fjölbreytta og faglega, með skýra tengingu við markmið náms og leiðsagnarmat. Þetta bendir til þess að styrkur í góðu skólastarfi felist í markvissri eftirfylgni með framförum hvers nemanda.

Nemendamiðað og hvetjandi námsumhverfi

Lögð er áhersla á sjálfstæði, samvinnu, umræður, sköpun og gott upplýsingatæknilegt umhverfi. Það sýnir að styrkur skólastarfs er ekki aðeins innihald kennslunnar heldur líka hvernig námsumhverfið styður þátttöku og virkni nemenda.

Tækifæri til umbóta

Að gera markmið náms enn sýnilegri

Þótt viðmiðin geri ráð fyrir að markmið og hæfniviðmið séu skýr og aðgengileg, reynist það oft umbótatækifæri í framkvæmd. Mikilvægt er að nemendur og foreldrar viti nákvæmlega hvað er verið að læra, hvernig árangur lítur út og hvert næsta skref er.

Að efla gagnadrifna þróun kennslu

Viðmiðin leggja áherslu á að kennarar og stjórnendur rýni saman í árangur aðgerða með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda. Þar liggur oft stórt umbótatækifæri: að nýta gögn markvissar til að breyta kennsluháttum og bæta árangur.

Að styrkja samræmi í námsaðlögun

Viðmiðin nefna að í skipulagi kennara eigi að koma fram hvernig námsaðlögun sé háttað. Umbótatækifæri geta því falist í að tryggja að aðlögun sé ekki háð einstökum kennurum heldur sé samræmd, sýnileg og kerfisbundin um allan skólann.

Að auka fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati

Þó viðmiðin geri ráð fyrir fjölbreyttum aðferðum, er algengt að skólar geti þróað þetta enn frekar, sérstaklega með meiri virkni nemenda, auknu leiðsagnarmati og meiri samþættingu milli námsgreina.

Að efla upplýsingagjöf til nemenda og foreldra

Viðmiðin undirstrika að umsjónarkennari geri grein fyrir stöðu nemenda og næstu skrefum. Þar geta umbætur falist í skýrari, reglulegri og markvissari upplýsingagjöf sem styður bæði nám og líðan.

Að þróa starfsþróun og nýtingu sérhæfingar enn frekar

Í viðmiðunum kemur fram að stjórnendur eigi að stuðla að starfsþróun og tryggja að menntun og sérhæfing kennara nýtist sem best. Umbótatækifæri gætu falist í skýrari tengingu milli starfsþróunar, skólaþróunar og raunverulegra þarfa nemenda.

Kafli 4.2 Gæði kennslu

Hvaða aðferðir voru nýttar til að meta gæði kennslu

Við mat á gæðum kennslu er mikilvægt að byggja á fleiri en einni aðferð svo fá megi sem heildstæðasta mynd af starfinu. Algengt er að stuðst sé við niðurstöður úr námsmati, sjálfsmati kennara, mati nemenda á námi og kennslu, jafningjamati, greiningu á líðan og þátttöku nemenda og ytra mati eða úttektum. Með því að skoða ólík gögn saman er hægt að meta bæði hvernig kennslan fer fram, hvaða áhrif hún hefur á nemendur og hvaða þættir í skólastarfinu styðja við árangursríkt nám.

Sérstaklega mikilvæg aðferð við mat á gæðum kennslu er innlit stjórnenda í kennslustundir. Með reglubundnum innlitum fá stjórnendur beina sýn á það hvernig kennsla er skipulögð og framkvæmd í daglegu starfi. Þar er meðal annars hægt að horfa til þess hvort markmið kennslustundar séu skýr, hvort viðfangsefni og verkefni styðji við markmiðin, hvernig

námsumhverfið er skipulagt, hversu virkir nemendur eru í náminu og hvernig kennari leiðir, styður og stýrir námi nemenda. Innlit stjórnenda eru þó ekki aðeins hugsuð sem eftirlit, heldur fyrst og fremst sem leið til að efla faglega umræðu, styðja við þróun kennsluhátta og greina styrkleika og umbótatækifæri í skólastarfinu.

Til að slík innlit verði markviss og nýtist til raunverulegra umbóta skiptir máli að þau byggi á skýrum gæðaviðmiðum. Þar kemur sameiginleg greining teyma út frá gæðaviðmiðum BravoLesson sérstaklega sterkt inn. Með því að nýta BravoLesson sem sameiginlegan ramma geta stjórnendur og kennarateymi skoðað kennsluna með sameiginlegu tungumáli og sameiginlegum skilningi á því hvað einkennir góða kennslu. Slík greining hjálpar til við að beina athyglinni að lykilþáttum kennslunnar, svo sem skýrum námsmarkmiðum, virkri þátttöku nemenda, leiðsagnarmati, markvissri endurgjöf, fjölbreyttum kennsluaðferðum og því hvort verkefni séu krefjandi og styðji við djúpan skilning.

Niðurstöður

Styrkleikar

Sameiginleg greining teyma út frá BravoLesson hefur marga kosti. Hún styrkir faglegt samtal kennara, stuðlar að samræmi í væntingum um góða kennslu og gerir teyminu kleift að ræða kennsluna á uppbyggilegan og lausnamiðaðan hátt. Í stað þess að horfa eingöngu á einstaka kennara eða einstaka kennslustund verður hægt að greina mynstur í starfinu í heild, bera kennsl á það sem gengur vel og ákveða sameiginleg næstu skref í umbótum. Þannig verður mat á kennslu ekki einangrað verkefni heldur hluti af stöðugri starfsþróun og sameiginlegri ábyrgð á gæðum náms og kennslu.

Tækifæri til umbóta

Auk þessa sem nefnt er hér að ofan gegna aðrar matsaðferðir mikilvægu hlutverki og full þörf á að nýta þær betur til að auka gæði náms. Námsárangur nemenda veitir vísbendingar um hvort kennslan styðji við framfarir og markmið náms, en þarf ávallt að túlka í samhengi við önnur gögn. Sjálfsmat kennara er einnig mikilvægur þáttur, þar sem það eykur meðvitund um eigin starfshætti og getur orðið grunnur að markvissri faglegri þróun. Mat nemenda og upplýsingar um líðan þeirra og þátttöku gefa enn fremur mikilvæga innsýn í það hvernig kennslan birtist þeim sem hana sækja. Þegar þessar aðferðir eru nýttar samhliða innliti stjórnenda og sameiginlegri greiningu teyma út frá gæðaviðmiðum BravoLesson myndast traustur grunnur fyrir markvisst gæðastarf, faglega umræðu og stöðugar umbætur í kennslu.

Kafli 4.3 Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

Námsmat í Heiðarskóla byggir á fjölbreyttum matstækjum sem miða að því að meta árangur nemenda með heildstæðum hætti, styðja við framfarir þeirra og efla faglega ákvarðanatöku kennara. Áhersla er lögð á að nýta bæði formlegt og óformlegt mat, leiðsagnarmat, sjálfsmat nemenda og skráningu á námsframvindu til að fá sem skýrasta mynd af stöðu hvers nemanda.

Á yngsta stigi er námsmat einkum byggt á markvissu mati á læsi og lestrarfærni. Þar eru notuð matstæki á borð við Lesferil, Leið til læsis í 1. bekk, Læsi 1.2 og 1.3, Lesmál, Orðarún og LH-60. Þessi tæki eru nýtt til að meta meðal annars lesskilning, leshraða, orðaforða og aðra grunnþætti læsis. Auk þess eru notuð kaflapróf, stafsetningarkannanir og lokamat í Mentor að vori til að meta

stöðu nemenda í öðrum námsgreinum. Jafnframt er stuðst við fjölbreytt mat sem byggir á faglegu mati kennara og virkni nemenda sjálfra, svo sem broskallamat, huglægt mat, leiðsagnarmat og símat.

Á miðstigi byggir námsmatið á hæfniviðmiðum og námsmati í Mentor, þar sem skráð eru markmið og framvinda nemenda. Leiðsagnarmat er þar mikilvægur þáttur og er nýtt til að veita nemendum reglulega endurgjöf um hvað gengur vel og hvað megi bæta. Einnig eru einstaklingssamtöl við nemendur og sjálfsmat nýtt til að efla ábyrgð þeirra á eigin námi. Sýnishorn af vinnu veita bæði kennurum og nemendum góða innsýn í þroska og þróun, og stöðupróf í til dæmis lesskilningi, stærðfræði og lesfimi eru nýtt sem viðmið um námsstöðu og langtímamarkmið.

Á unglingastigi er námsmat fjölbreytt og tekur bæði til námsferlis og afraksturs. Leiðsagnarmat er notað til að fylgjast með framvindu og styðja nemendur í námi sínu. Lokamat metur síðan árangur í lok námslotu eða viðfangsefnis. Verkefnamiðað mat gefur nemendum kost á að sýna hæfni sína í verki með raunverulegum og merkingarbærum verkefnum. Þá er einnig lagt mat á þátttöku og samstarf, auk þess sem sjálfsmat og sjálfsendurgjöf eru nýtt til að efla meðvitund nemenda um eigið nám, styrkleika og umbótatækifæri.

Í íþrótta- og sundkennslu byggir námsmatið á bæði stöðluðum prófunum og mati á þátttöku og framförum. Meðal staðlaðra mælinga eru Beep Test, sippróf, armhangsæfingar og sundstig sem taka mið af aldri og þroska nemenda. Auk þess eru viðvera, viðleitni, þátttaka og hegðun metin sem mikilvægir þættir í námsframvindu. Einnig er lögð áhersla á einstaklingsbundið mat þar sem framfarir hvers nemanda eru skoðaðar yfir tíma, bæði hvað varðar líkamlega getu og þátttöku.

Í heild sinni endurspeglar námsmat í Heiðarskóla skýra viðleitni til að fylgjast markvisst með námi nemenda, veita þeim reglulega endurgjöf og nýta niðurstöður mats til að styðja við áframhaldandi nám og kennslu. Matið er fjölbreytt og tekur mið af ólíkum aldri, þroska og viðfangsefnum nemenda.

Matsferill er nýtt námsmatskerfi sem veitir reglulega heildstæða mynd af stöðu og framförum nemenda í námi. Kerfið byggir meðal annars á stöðu- og framvinduprófum í lesfimi, lesskilningi og stærðfræði, auk skimunar- og greiningartækja og annarra verkfæra sem styðja kennslu. Niðurstöður nýtast nemendum, foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til að greina stöðu, skipuleggja viðeigandi stuðning og skapa auknar áskoranir eftir þörfum. Markmið Matsferils er að stuðla að bættum námsárangri og efla gæði menntunar með markvissu og reglubundnu mati. Í Heiðarskóla var Matsferill lagður fyrir alla nemendur frá 4. upp í 10. bekk í tengslum við fyrstu innleiðingu kerfisins vorið 2026.

Niðurstöður

Styrkleikar

Helstu styrkleikar námsmats í Heiðarskóla felast í fjölbreyttum matsaðferðum og markvissri notkun þeirra. Á yngsta stigi er læsismat vel útfært og byggir á fjölbreyttum gögnum sem nýtast til að skipuleggja kennslu og bregðast við þörfum nemenda. Leiðsagnarmat og símat eru sýnilegir þættir sem styðja vel við námsframvindu, og einnig er jákvætt að áhersla sé lögð á líðan og heildræna sýn með broskallamati og öðru huglægu mati.

Á miðstigi er góður grunnur fyrir yfirsýn yfir námsferil nemenda í Mentor. Nemendur fá fjölbreytta endurgjöf og eru að einhverju marki virkir þátttakendur í eigin mati, meðal annars í gegnum samtöl og sjálfsmat. Þetta styður við ábyrgð, sjálfsvitund og aukna þátttöku í eigin námi.

Á unglingastigi felast styrkleikarnir í því að námsmatið styður bæði við ferlið og afraksturinn. Leiðsagnarmat og verkefnamiðað mat gera nemendum kleift að sýna þekkingu sína og hæfni á fjölbreyttan hátt, á meðan lokamat veitir skýra mynd af árangri í lok námslotu. Sjálfsmat og sjálfsendurgjöf efla jafnframt meðvitund nemenda um eigin styrkleika og næstu skref.

Í íþrótta- og sundkennslu er styrkurinn fólginn í samspili hlutlægra og huglægra matsþátta. Staðlaðar mælingar veita mikilvægar upplýsingar um líkamlega getu, á meðan mat á þátttöku, hegðun og framförum gefur heildstæðari mynd af nemandanum. Einstaklingsmiðað mat er þar sérstaklega mikilvægt og getur haft jákvæð áhrif á hvatningu og sjálfstraust nemenda.

Tækifæri til umbóta

Tækifæri til umbóta felast fyrst og fremst í því að efla enn frekar samræmi, skýrleika og fjölbreytni í námsmati. Mikilvægt er að halda áfram að samræma matsviðmið milli teyma, árganga og námsgreina svo að samfella verði meiri í námi nemenda og sameiginlegur skilningur aukist meðal starfsfólks.

Einnig eru tækifæri til að auka fjölbreytni í matstækjum, sérstaklega í skapandi greinum og öðrum námsgreinum þar sem þörf virðist vera á skýrari og markvissari matsaðferðum út frá hæfniviðmiðum. Sérstaklega kemur fram þörf fyrir betri matstæki í stærðfræði og fleiri greinum sem styðja við skráningu og mat á hæfni nemenda með markvissum hætti.

Þá er mikilvægt að efla sjálfsmat nemenda og setja það í fastari skorður. Með reglulegu sjálfsmati og stuttri ígrundun sem hluta af verkefnavinnu og skilum má styrkja ábyrgð nemenda á eigin námi og gera þeim betur kleift að átta sig á eigin framförum. Einnig væri æskilegt að gefa nemendum fleiri leiðir til að sýna námsárangur sinn, til dæmis með kynningum, munnlegu mati, greinargerðum eða öðrum fjölbreyttum skilaaðferðum.

Jafnframt er tækifæri til að skýra betur hvernig niðurstöður mats eru nýttar til að ákveða næstu skref í kennslu, stuðningi og námsaðlögun. Skýr viðmið, gátlistar og aukið svigrúm til að bæta og endurskoða verkefni gætu enn frekar styrkt þetta ferli. Þá er einnig mikilvægt að tryggja að matsaðferðir, þar með talin stöðluð próf, taki mið af fjölbreyttum þörfum og getu nemenda og hvetji alla til virkrar þátttöku.

Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

Viðhorfskannanir nemenda í Skólapúlsi hjá Heiðarskóla 2025–2026 gefa mikilvæga mynd af líðan, þátttöku og viðhorfum nemenda til náms og skólastarfs. Í könnun fyrir 2.–5. bekk voru metnir fjórir meginþættir: ánægja af lestri, ánægja með skólann, vellíðan í skólanum og ánægja með matinn. Í könnun fyrir 6.–10. bekk voru matsþættirnir fleiri og skiptust í virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda, meðal annars ánægju af lestri, þrautseigju í námi, áhuga á stærðfræði og náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð og námsgetu, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, matarvenjur, samsömun við nemendahópinn, samband við kennara, aga í tímum, virkni í kennslustundum og tíðni leiðsagnarmats.

Niðurstöður

Styrkleikar

Helstu styrkleikar koma fram í jákvæðri upplifun margra nemenda af skólanum og ákveðnum þáttum námsins. Hjá yngri nemendum mælist heildarútkoma í ánægju með skólann yfir landsmeðaltali og sérstaklega eru 3. og 4. bekkur sterkir í lestri, ánægju með skólann og vellíðan. Hjá eldri nemendum er vellíðan á pari við landið, samband við kennara og agi í tímum á svipuðu róli og landsmeðaltal og tíðni leiðsagnarmats er yfir landsmeðaltali. Einnig er mat á skólamat jákvæðara en víða annars staðar meðal þeirra sem taka matnum.

Tækifæri til umbóta

Tækifæri til umbóta felast einkum í að styrkja enn frekar námsáhuga og trú nemenda á eigin getu, sérstaklega hjá eldri nemendum þar sem þrautseigja í námi, trú á eigin vinnubrögð og trú á eigin námsgetu mælast undir landsmeðaltali. Hjá yngri nemendum vekur athygli að 2. bekkur kemur nokkuð verr út í lestraránægju, ánægju með skólann og vellíðan, sem bendir til að mikilvægt sé að skoða betur stuðning, námsaðstæður og upplifun þess hóps. Þá má einnig vinna áfram með matarmál, þar sem ánægja með matinn er ekki jafn sterk hjá öllum árgöngum. Í heild sýna niðurstöðurnar þó bæði skýra styrkleika og gagnlegar vísbendingar um hvar best sé að forgangsraða umbótum.

Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Starfsánægjukönnun meðal starfsmanna Heiðarskóla var lögð fyrir vorið 2026. Könnunin var send til 26 starfsmanna og bárust svör frá 21, sem jafngildir 80,8% svarhlutfalli. Í könnuninni voru metnir fjölmargir þættir sem lúta að starfinu, starfsfólki, vinnustaðnum og stjórnun, meðal annars vinnuálag, skýrleiki hlutverka, starfsandi, stuðningur frá samstarfsfólki og stjórnendum, ræktun mannauðs og gagnsemi starfsmannaviðtala. Auk þess voru lagðir fyrir sérstakir matsþættir sem snúa að kennarastarfinu, svo sem ánægja með kennarastarfið, trú á eigin getu, samstarf um kennslu, stuðningur við nemendur með ólíkar þarfir og símenntun kennara.

Á heildina litið gefa niðurstöður viðhorfskönnunarinnar til kynna að í Heiðarskóla sé sterkur grunnur í starfsmenningu, samvinnu og faglegum stuðningi. Um leið sýna þær að tækifæri eru til áframhaldandi umbóta, einkum á sviði mannauðsmála, endurgjafar, stuðnings og verklags. Niðurstöðurnar nýtast því vel sem grunnur að frekara sjálfsmati og markvissri umbótavinnu skólans.

Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður könnunarinnar sýna að styrkleikar í starfsumhverfi skólans eru margir. Sérstaklega kemur fram að starfsandi mælist sterkur, jákvæðar áskoranir í starfi eru yfir landsmeðaltali og ánægja kennara með kennarastarfið er mjög góð. Einnig mælist skólinn vel í stuðningi við kennara vegna nemenda með námserfiðleika og hegðunarörðugleika, sem og í samráði og samvinnu um kennslu. Þá er það einnig skýr styrkleiki að hvorki einelti né kynferðisleg áreitni mældist meðal svarenda.

Í opnum svörum starfsfólks kemur fram að það sem helst einkennir vinnustaðinn að mati starfsmanna er gott samstarfsfólk, góður starfsandi, jákvætt andrúmsloft, sveigjanleiki og faglegt traust. Jafnframt nefna starfsmenn virðingu og tillitssemi í samskiptum, sanngjarna og skilningsríka stjórnendur og að almennt sé gott að mæta til vinnu í skólanum.

Tækifæri til umbóta

Niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að nokkur tækifæri séu til umbóta. Þar vegur þyngst að ræktun mannauðs mælist undir landsmeðaltali og gagnsemi starfsmannaviðtala er einnig lægri en landsmeðaltal. Einnig mælist stuðningur frá næsta yfirmanni heldur undir landsmeðaltali, þótt aðrir stjórnunarþættir komi almennt vel út. Þessar niðurstöður gefa tilefni til að huga enn frekar að markvissri endurgjöf, sýnilegri stuðningi við starfsfólk og eflingu mannauðsmála innan skólans.

Í opnum svörum starfsfólks koma fram ábendingar um að betur megi styðja við nemendur í vanda, skýra verklag og tryggja að því sé fylgt eftir. Einnig er kallað eftir aukinni hvatningu og viðurkenningu til starfsfólks, skýrari leiðsögn frá stjórnendum í flóknari málum, meiri þátttöku í þróunarstarfi og samstarfsverkefnum og betri aðbúnaði á ákveðnum sviðum. Þessar ábendingar benda til þess að með áframhaldandi vinnu að skýrari verkferlum, aukinni umbun og markvissum stuðningi við bæði starfsfólk og nemendur megi styrkja skólastarfið enn frekar.

Kafli 4.6 Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Á vormánuðum 2026 var lögð fyrir foreldraviðhorfskönnun í Heiðarskóla. Könnunin náði til fjölbreyttra þátta í skólastarfinu og var ætlað að varpa ljósi á upplifun foreldra af námi og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarfi og heimastuðningi. Meðal matsþátta voru m.a. ánægja með nám og kennslu, stjórnun skólans, samskipti starfsfólks við nemendur, líðan barna í skólanum, einelti, aðstaða, tómstundaþjónusta, matur í skólanum, upplýsingagjöf, þátttaka foreldra í námsáætlanagerð og stuðningur við nám barna heima.

Foreldraviðhorfskönnunin mælir alls 41 þátt í sex meginflokkum: nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf, heimastuðning og opin svör. Könnunin byggðist á 70 spurningum og svarhlutfall var mjög gott, 92,2%, sem gefur niðurstöðunum nokkuð traustan grunn.

Í heild sýnir könnunin að Heiðarskóli býr yfir sterkum grunni hvað varðar þjónustu, aðbúnað, samskipti og upplýsingagjöf til foreldra. Niðurstöðurnar gefa jafnframt tilefni til að leggja áfram áherslu á virkt foreldrasamstarf með því að styrkja þátttöku foreldra í námsáætlanagerð og efla sameiginlega ábyrgð heimilis og skóla á námi og vellíðan nemenda.

Niðurstöður

Styrkleikar

Helstu styrkleikar koma skýrt fram í aðstöðu og þjónustu skólans. Foreldrar eru mjög ánægðir með aðstöðuna í skólanum, tómstundaþjónustu og sérstaklega matinn, þar sem ánægja mældist 100%, sem er töluvert yfir landsmeðaltali. Einnig kemur skólinn vel út í samskiptum starfsfólks við nemendur, í aga og í upplýsingagjöf til foreldra um stefnu skólans og námskrá. Þá telja

foreldrar að þeir hafi meiri áhrif á ákvarðanir sem varða börn sín en almennt gerist á landsvísu. Jafnframt er jákvætt að ekkert foreldri greindi frá einelti á skólaárinu í þessari mælingu.

Tækifæri til umbóta

Tækifæri til umbóta sjást helst í þáttum sem tengjast námi og daglegri skólagöngu nemenda. Þar má nefna að líðan nemenda í kennslustundum mælist undir landsmeðaltali og einnig er mat foreldra á hæfilegri þyngd námsefnis aðeins lægra en á landsvísu. Þá er þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemendum lægri en landsmeðaltal, sem bendir til þess að efla megi enn frekar samráð og sameiginlega markmiðasetningu heimilis og skóla. Einnig mælist virkni foreldra í námi barna sinna örlítið undir landsmeðaltali, sem gæti verið tilefni til að styrkja tengsl heimilis og skóla enn frekar.

Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Við mat á Menntastefnu og stefnu skólans var sjónum beint að því hvernig Heiðarskóli vinnur að innleiðingu Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar í daglegu skólastarfi. Sérstaklega var horft til þess hvernig markmið og áherslur stefnunnar birtast í skipulagi, framkvæmd og mati á helstu þáttum skólastarfsins. Þar voru meðal annars metnir þættir er lúta að jákvæðri skólamenningu, lýðræðislegri þátttöku, heilbrigði og velferð, jöfnum tækifærum og umhverfisvitund.

Jafnframt var litið til þess hvernig hornsteinar stefnunnar, læsi, sköpun og fagmennska, endurspeglast í starfi skólans. Áhersla á læsi birtist meðal annars í innleiðingu Byrjendalæsis á yngsta stigi og í þróunarverkefninu Læsi fyrir lífið sem stendur yfir á árunum 2023–2027. Sköpun kemur fram í fjölbreyttu skólastarfi, svo sem í þemavikum, list- og verkgreinum og útikennslu. Fagmennska birtist í markvissri teymiskennslu, símenntun starfsfólks og faglegu samstarfi, meðal annars í tengslum við leiðsagnarnám og læsisverkefni.

Við matið var einnig skoðað með hvaða hætti fylgst er með framvindu og árangri innleiðingarinnar. Í því samhengi var horft til sjálfsmats, notkunar matskvarða og verkefnaskráa með skilgreindum tímaramma. Niðurstöður benda til þess að innleiðing menntastefnunnar sé markviss og byggi á skýrum áherslum. Jafnframt kemur fram að tækifæri séu til staðar til að efla enn frekar framkvæmdina, meðal annars með skýrari mælikvörðum, markvissari tengingu milli verkefna og aukinni þátttöku ólíkra hópa innan skólasamfélagsins.

Niðurstöður

Styrkleikar

Helstu áherslur og þróunarsvið:

Jákvæð skólamenning og lýðræði

Heiðarskóli leggur áherslu á að efla jákvæða skólamenningu og lýðræðisleg vinnubrögð í daglegu skólastarfi. Leiðsagnarnám gegnir þar lykilhlutverki, enda styður það við uppbyggilegt námsumhverfi, virk samskipti og aukna ábyrgð nemenda á eigin námi. Þá stuðla vikulegir bekkjarfundir, samvinna nemenda og bekkjarsáttmálar að skýrum ramma um samskipti, þátttöku og líðan. Einnig er lögð áhersla á að efla rödd nemenda með starfsemi nemendaþings og nemendafélags, sem styrkir lýðræðislega þátttöku þeirra í skólasamfélaginu.

Heilbrigði og velferð

Skólinn vinnur markvisst að því að efla heilbrigði og velferð nemenda með fjölbreyttum leiðum. Áhersla er lögð á að styrkja seiglu, sjálfsmynd og félagsfærni nemenda með fræðsluerindum, lífsleikni og forvarnarstarfi. Þá er verkefnið Heilsueflandi skóli í undirbúningi með sérstaka áherslu á geðheilbrigði, sem bendir til skýrrar sýnar á mikilvægi vellíðanar í skólastarfi. Jafnframt er unnið að því að auka næringarmeðvitund í mötuneyti skólans og stuðla þannig að heilbrigðum lífsháttum nemenda.

Jöfn tækifæri og fjölmenning

Í starfi skólans er lögð áhersla á jöfn tækifæri og virðingu fyrir fjölbreytileika nemenda. Skólinn vinnur að því að efla skilning á fjölmenningarlegu samfélagi meðal annars með fjölmenningarviku, fræðslu gegn fordómum og innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Auk þess styður verkefnið Læsi fyrir lífið við námsaðlögun og kemur til móts við ólíkar þarfir nemenda. Þessi áhersla sýnir að skólinn leitist við að skapa samfélag þar sem allir nemendur fá notið sín á eigin forsendum.

Umhverfisvitund

Heiðarskóli vinnur að því að efla umhverfisvitund nemenda með markvissum hætti. Þar má meðal annars nefna uppbyggingu útinámssvæðis í samstarfi við nemendur og stjórnsýslu, sem gefur tækifæri til aukinnar útikennslu og tengingar við nærumhverfi skólans. Þá styður áframhaldandi starf umhverfisnefndar við aukna vitund um sjálfbærni, ábyrgð og mikilvægi umhverfismenntar í skólastarfi.

Tækifæri til umbóta

Tímasetningar og mælanleiki

Í mati á einstökum verkefnum kemur fram að tímasetningar eru í sumum tilvikum óskýrar, til dæmis þegar verkefni eru skilgreind sem viðvarandi eða að þau hefjist strax og séu síðan viðvarandi. Slík framsetning getur torveldað markvissa eftirfylgni og gert mat á árangri síður skýrt. Tækifæri til umbóta felast því í að skilgreina betur tímaramma verkefna, setja fram reglubundna endurskoðun og ákveða skýr tímamót fyrir mat og eftirfylgni.

Dýpt mats og árangursviðmiða

Fram kemur að mat á mörgum verkefnum byggir á einföldum kvarða, svo sem grænu, gulu og rauðu eða á því hvort verkefni hafi verið unnið eða ekki. Slíkt mat getur verið gagnlegt sem yfirlit, en gefur takmarkaðar upplýsingar um gæði framkvæmdar eða raunveruleg áhrif verkefna. Tækifæri felast í að þróa fjölbreyttari matsaðferðir, meðal annars með eigindlegum gögnum, svo sem viðtölum og rýnihópum, og með skýrari árangursviðmiðum sem varpa ljósi á framfarir og áhrif.

Samræming fjölmenningar og lýðræðis

Verkefni sem snúa að fjölmenningu, mannréttindum og réttindafræðslu eru mikilvæg og sýna skýra stefnu skólans. Hins vegar virðast þau að einhverju leyti standa sem afmarkaðir þættir fremur en að vera samofin annarri þróunarvinnu. Tækifæri til umbóta felast í að samþætta þessa þætti enn betur við lýðræðislegt skólastarf, til dæmis með því að nýta nemendaþing sem vettvang fyrir umræðu og þátttöku í málaflokknum.

Upplýsingamiðlun og foreldrasamstarf

Í umfjöllun um verkefni skólans kemur foreldrasamstarf fremur lítið við sögu, að öðru leyti en því að foreldrar eru nefndir í tengslum við mismunandi fræðsluerindi. Þetta bendir til þess að tækifæri séu til að efla hlut foreldra í innleiðingu menntastefnunnar. Þar mætti styrkja upplýsingamiðlun, auka samráð og skapa foreldrum virkari þátttökuleiðir í verkefnum sem snúa að velferð, fjölmenningu og réttindum barna.

Heilsueflandi skóli – úr könnun í framkvæmd

Þótt fram komi að verkefnið Heilsueflandi skóli sé til skoðunar, er ekki skýrt hvernig eða hvenær formleg innleiðing þess eigi að hefjast. Til að styrkja þennan þátt væri æskilegt að taka skýrari stefnumótandi ákvörðun um næstu skref, skilgreina ábyrgð, tímaramma og aðgerðir og tryggja þátttöku nemenda, starfsfólks og foreldra í innleiðingarferlinu.

Upplifun nemenda og starfsmanna

Lýðræðisleg vinnubrögð og þátttaka eru sýnileg í skólastarfinu, en síður kemur fram hvernig reynsla, sjónarmið og upplifun nemenda og starfsfólks eru nýtt með kerfisbundnum hætti í þróunarstarfi skólans. Tækifæri til umbóta felast í að innleiða markvissar leiðir til gagnaöflunar, svo sem með spurningakönnunum, rýnihópum og reglubundnu samráði. Með því mætti styrkja forsendur ákvarðanatöku og auka líkur á að þróunarstarf byggi á raunverulegri upplifun þeirra sem taka þátt í skólastarfinu.

Kafli 5 Umbótaáætlun

Svið - Nám og kennsla

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.2 Árangur náms. **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Stjórnendur	Fyrir liggur stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda.	Að búa til skýra verkferla um viðbrögð og eftirfylgni til að auka námsárangur. Fyrsta skref er að uppfæra Læsisstefnu Heiðarskóla. Að auki er mikilvægt að kennarar rýni þau gögn sem þeir hafa yfir námsárangur sinna nemenda og leggi til í samráði við nemendur hvað hægt sé að gera til að bæta námsárangur.	13/01/2025	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Komið í ferli - Já / Nei	Ný og uppfærð Læsisstefna kynnt öllum kennurum og birt í aðgengilegu formi. Allir kennarar hafa að lágmarki einu sinni á önn skoðað námsárangursgögn með hverjum nemanda og rætt um leiðir til úrbóta. Nemendur geta nefnt a.m.k. eitt atriði sem þeir vinna markvisst að til að bæta sig í námi. Ferli við eftirfylgni (t.d. reglulegar samtalslotur, einfalt skjalakerfi) innleitt í öllum bekkjum. Kennarar nýta gögn (t.d. niðurstöður úr prófum, verkefnum, rýnihópum) reglulega við undirbúning kennslu. Matsrammi.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Niðurstöður sem fást með fjölbreyttu mati á læsi eru markvisst nýttar til að auka framfarir nemenda.	Að rýna betur í niðurstöður um mat á læsi og fylgja ákveðnum verklagsreglum varðandi viðbrögð og eftirfylgni til að bæta árangur.	13/01/2025	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Í vinnslu	Gert eða ekki gert.	Hlutfall kennara sem segist styðjast við lestraráætlun eða viðbragðsferla í kennslu eykst (t.d. í könnun). Samræmi eykst milli kennara í verklagi og stuðningi við nemendur með læsi sem áskorun.
	Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína hvað varðar lesfimi nemenda út frá niðurstöðum lesfimiprófs og matsramma fyrir lesfimi sem gefin er út af MMS.	Að nýta Matsramma betur. Koma á reglulegu mati á lestrarfærni, sem tekur mið af Matsramma fyrir lesfimi.	13/01/2025	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Í vinnslu	Stefnt að því að leggja reglulega (c.a. 1 - 3x á skólaári) fyrir ákveðna aldurshópa próf. Haldið utan um mælingar og þær geymdar í persónumöppu m nemenda.	Þegar það er orðið viðtekið verklag og hluti af Læsisstefnu skólans að nemendur vinni að því að bæta lesfimi sína í samræmi við læsisviðmið matsramma.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Auka fjölbreytni í skilaaðferðum og matsleiðum þannig að fleiri nemendur geti sýnt hæfni sína á fjölbreyttan hátt.	Innleiða fjölbreyttari verkefnaskil, svo sem munnlegar kynningar, greinargerðir, myndræna framsetningu, par- og hópverkefni og verkefnamiðað mat. Ræða í teymum hvaða leiðir henta best eftir aldri og námsgrein.	22/08/2025	04/06/2027	Kennarar	Gengur vel	Yfirlit yfir matsaðferðir í námsáætlunum, sýnishorn af verkefnum, endurgjöf nemenda og kennara.	Nemendur fá fjölbreyttari tækifæri til að sýna hæfni sína. Í námsáætlunum og verkefnum sést aukin breidd í matsaðferðum. Nemendur upplifa að þeir hafi fleiri leiðir til að sýna hvað þeir kunna.
	Auka samræmi í námsmati þannig að sameiginlegur skilningur ríki milli kennara á viðmiðum, framkvæmd og skráningu námsmats.	Halda sameiginlega fagfundi þar sem matsviðmið eru yfirfarin og samræmd. Útbúa sameiginleg viðmið/gátlista fyrir helstu námsgreinar og árganga. Prufa samræmd viðmið í völdum verkefnum og rýna niðurstöður í kjölfarið.	24/08/2026	04/06/2027	Kennarar Stjórnendur	Ekki byrjað	Yfirferð á sameiginlegum matsgögnum, fundargerðir fagteyma, rýni í skráningu í Mentor/Matsferli, starfsmat kennara.	Samræmd matsviðmið liggja fyrir í helstu námsgreinum. Kennarar nota sameiginleg viðmið í auknum mæli. Aukið samræmi sést í skráningu námsmats og í umræðu kennara um hæfni nemenda.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Skýra betur hvernig niðurstöður námsmats eru nýttar til að móta kennslu og stuðning við nemendur.	Setja upp einfalt verklag um að eftir hvert lykilmat séu skilgreind næstu skref fyrir nemendur, bæði hvað varðar kennslu, stuðning og áskoranir. Kennarar skrá helstu niðurstöður og viðbrögð. Rýna reglulega stöðu nemenda með teymi og stjórnendum.	01/09/2026	04/06/2029	Kennarar Stjórnendur	Ekki byrjað	Skráning í námsáætlunum og einstaklingsáætlunum, rýni í fundargerðir, samtöl við kennara og nemendur.	Fyrirliggjandi eru skráð næstu skref í kjölfar námsmats hjá nemendum sem þurfa stuðning eða frekari áskoranir. Kennarar geta lýst hvernig niðurstöður mats hafa áhrif á kennslu. Nemendur og foreldrar fá skýrari upplýsingar um framfarir og næstu markmið.
2.3 Gæði kennslu **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Stjórnendur	Fjöltyngdir nemendur og nemendur af erlendum uppruna fá markvissa íslenskukennslu.	Að passa upp á skipulag og tíma, þannig að nemendur af erlendum uppruna fái markvissa íslenskukennslu.	13/01/2025	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Gert eða ekki gert.	Að þeir nemendur sem eru af erlendum uppruna eða tvítyngdir fái stuðning í íslensku ef á þarf að halda.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Efla námsáhuga og þrautseigju hjá eldri nemendum.	Auka val, merkingarbær viðfangsefni og tengingu náms við raunverulegar aðstæður. Vinna markvisst með markmið, áskoranir og ígrundun. Nýta verkefni sem krefjast úthalds og sýna framfarir yfir tíma.	25/08/2025	04/06/2027	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Viðhorfskannanir nemenda, þátttaka í tímum, skil verkefna, samtöl við nemendur.	Niðurstöður í könnunum um þrautseigju og námsáhuga batna. Kennarar upplifa meiri virkni og úthald hjá nemendum í námi.
	Efla sjálfsmat nemenda og gera það að reglulegum hluta náms og endurgjafar.	Útbúa einföld sjálfsmatsform fyrir mismunandi aldursstig. Innleiða reglulegt sjálfsmat í tengslum við verkefni, námslotur og einstaklingssamtöl. Þjálfa nemendur í að ígrunda eigin styrkleika, framfarir og næstu skref.	24/08/2026	04/06/2027	Kennarar Stjórnendur	Ekki byrjað	Sýnishorn af sjálfsmati, samtöl við nemendur, skráning í námsmöppur/námsáætlanir.	Sjálfsmat er orðinn reglulegur þáttur í fleiri árgöngum. Nemendur geta með auknum hætti lýst eigin markmiðum, framförum og því sem þeir þurfa að bæta.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.	Að temja sér það verklag að gera nemendum grein fyrir markmiðum námsins. Bæði hvað varðar einstakar kennslustundir þegar það á við og við upphaf námslota.	13/01/2025	04/06/2027	Kennarar Stjórnendur	Í vinnslu	Gert eða ekki gert.	Að það sé viðtekið verklag að gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda eða verkefna.
	Styrkja trú nemenda, sérstaklega eldri nemenda, á eigin vinnubrögð og námsgetu.	Auka markvissa leiðsögn um vinnulag, markmiðasetningu og ígrundun. Nota leiðsagnarmat og jákvæða endurgjöf markvisst. Skipuleggja verkefni þannig að nemendur upplifi framfarir og viðráðanlegar áskoranir.	25/08/2025	04/06/2027	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Viðhorfskannanir nemenda, einstaklingssamtöl, athuganir kennara, rýni í sjálfsmat.	Bættar niðurstöður sjást í viðhorfskönnunum um trú á eigin vinnubrögð og námsgetu. Nemendur sýna meira öryggi í verkefnavinnu og geta frekar sett sér raunhæf markmið.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.6 Ábyrgð og þátttaka **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Stjórnendur	Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.	Upplýsingum miðlað til nemenda með því að fulltrúar nemenda í ráðum og nefndum fái tíma hjá umsjánakennur um á sínu námsstigi til að kynna fundagerðir.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Komið í ferli - Já / Nei	Upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, eru öllum nemendum aðgengileg.
	Nýta með markvissari hætti reynslu, upplifun og sjónarmið nemenda við þróun skólastarfs.	Setja upp reglulegar leiðir til samráðs við nemendur, t.d. með rýnihópum, stuttum könnunum, bekkjarfundum og umræðum í nemendaþingi. Gera niðurstöður sýnilegar og nýta þær í ákvarðanatöku.	06/01/2025	04/06/2027	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Fundargerðir, kannanir, samantektir úr rýnihópum, mat nemenda á því hvort hlustað sé á sjónarmið þeirra.	Reglulegt samráð við nemendur er komið í fast ferli. Nemendur upplifa í auknum mæli að sjónarmið þeirra hafi áhrif á skólastarfið.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Nemendur **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Stjórnendur	Endurgjöf til nemenda og markviss nýting námsmats	Mikilvægt er að auka umræður við nemendur um eigin skilning og framfarir. Endurmeta þarf námsáætlanir út frá námsárangri hvers og eins, og eiga virkt samtal um nám og framfarir við nemendur og foreldra. Passa þarf að námsmat og endurgjöf sé uppbyggilegt.	30/06/2024	29/06/2025	Kennarar	Í vinnslu	Viðhorfskannanir nemenda, þátttaka í tímum, skil verkefna, samtöl við nemendur.	Að horfa á einstaklinginn og getu hans til náms.
	Aðkoma nemenda að ákvörðunum um skólastarfið í heild	Að nemendur séu virkir þátttakendur í ákvörðunum á flestum sviðum skólastarfsins ásamt kennurum, stjórnendum og foreldrum.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Í vinnslu	Matslisti	Marka leiðir til að nemendur geti haft áhrif á skólastarfið.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Aukin ábyrgð nemenda á eigin námi	Að efla sjálfstæði í vinnubrögðum. Vinna í auknu mæli út frá áhugasviði nemenda. Auka virka markmiðssetningu varðandi nám hvers og eins.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Í vinnslu	Matslisti/ Könnun	Þátttöku nemenda í endurskoðun námsáætlana. Skipuleg samskipti og umræður við nemendur um eigin skilning og framfarir.
	Frumkvæði nemenda	Gengið er út frá því að nemendur sýni frumkvæði við val á viðfangsefnum, leiðum og úrlausnum innan þess ramma sem kennarar setja.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Í vinnslu	Matslisti/ Könnun	Að nemendur séu leitandi og virkir í sínu námi.
	Námsaðferðir	Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum og námsaðferðir.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Í vinnslu	Matslisti/ Könnun	Val um fjölbreyttar námsleiðir.

Svið - Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
1.2 Samvirkni í stefnumótun **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Stjórnendur	Skólinn hefur aðgang að heildstæðri skólaþjónustu þar sem unnið er að samþættri þjónustu í þágu farsældar barna.	Að fylgja því eftir að nemendur fái þá þjónustu sem þeir þurfa, s.s. sálfræðing sem sinnir nemendaaðstoð, talmeinafræðing, geðheilbrigðisaðstoð, sjúkraþjálfun o.s.frv.	13/01/2025	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Hefur skólinn aðgang að þeirri heildstæðu skólaþjónustu sem þörf er á í þágu farsældar barna eða ekki.	Að öll börn fá þá þjónustu sem þau þurfa og eiga rétt á.
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Stjórnendur	Skólinn heldur fræðslufund að hausti fyrir skólaráð og aðra fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnum og ráðum skólans. (t.d. nemendaráð/félag, stjórn foreldrafélags og skólanefnd ef við á.)	Að boða skólaráð og aðra fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnum og ráðum skólans til fræðslufundar að hausti.	13/01/2025	29/06/2025	Stjórnendur	Gengur vel	Gert eða ekki gert.	Að haldinn sé fræðslufundur að hausti með fulltrúum í skólaráði og öðrum sem sinna trúnaðarstörfum fyrir nemendur.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Stjórnendur efna reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.	Að fjölga fundum í skólaráði og nýta þau tækifæri sem gefast til að funda formlega og óformlega með foreldrum.	13/01/2025	30/06/2025	Stjórnendur	Gengur vel	Gert eða ekki gert.	Að skólinn eigi í góðu samstarfi við forráðamenn nemenda.
1.6 Starfsmannastjórn og verkaskipting **Deild** Skólinn **Ábyrgð** Stjórnendur	Að nýtt starfsfólk fái stuðning og tengilið innan starfshópsins.	Að stjórnendur fái einn eða fleiri samstarfsmenn úr teymi til að taka að sér að styðja við nýjan starfsmann fyrstu mánuðina í starfi til að hjálpa viðkomandi að komast inn í starfsumhverfið.	02/02/2026	07/06/2026	Stjórnendur	Í vinnslu		
	Að stjórnendur séu vakandi um samskipti og hafi frumkvæði að lausn ágreiningsmála.	Opið agengi að stjórnendum og að það ríki traust um að leita til þeirra ef um ágreiningsmál er að ræða.	02/02/2026	10/06/2026	Stjórnendur	Í vinnslu		

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Foreldrar og grendarsamfélög **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Stjórnendur	Árangursríkt foreldrasamstarf	Efla samstarf skóla við heimilin og auka þátttöku foreldra í skólastarfinu. Samstarfsáætlun skólans í foreldrasamskiptum.	01/07/2024	30/06/2025	Stjórnendur	Í vinnslu	Matslisti/Könnun meðal foreldra og forráðamanna.	Að unnið sé eftir Samstarfsáætlun skólans í foreldrasamskiptum.
	Efla foreldra sem bekkjarfulltrúa	Fá bekkjarfulltrúa úr hópi foreldra til að skipuleggja viðburði (einn á hvorri önn) til að efla tengsl og hrista hópinn saman.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	metið af umsjónarkennurum og bekkjarfulltrúum.	Að það sé starfandi bekkjarfulltrúar á öllum aldursstigum og að þeir séu virkir í að skipuleggja viðburði fyrir nemendur.
	Leita eftir aðstoð sjálfboðaliða úr grenndarsamfélaginu við verkefni í skólanum.	Reynum að efla tengsl við grenndarsamfélagið með því að virkja sjálfboðaliða til þátttöku í verkefnum sem gagnast skólasamfélaginu.	01/07/2024	30/06/2025	Stjórnendur	Í vinnslu		Að tekist hafi að efla tengsl við grenndarsamfélagið með virkri þátttöku sjálfboðaliða.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Samstarf og tengsl við samfélagið í heild, innlendar og erlendar skólastofnanir, félagasamtök o.fl. Námsferð og skólaheimsóknir.	Þátttaka/samvinna í þeim tilgangi að auka víðsýni og öðlast nýja þekkingu sem gagnast okkur í okkar störfum.	01/07/2024	30/06/2025	Stjórnendur	Í vinnslu	Matslisti	Að við nýtum þau tækifæri sem gefast til að eiga í gagnlegum samskiptum við grendarsamfélagið.
	Efla samábyrgð heimilis og skóla á námi og vellíðan nemenda.	Vinna skýra samskiptaáætlun um hvernig foreldrar geti stutt við nám barna sinna heima. Miðla reglulega upplýsingum um námsmarkmið, verkefni og leiðir til stuðnings.	24/08/2026	05/06/2028	Kennarar Stjórnendur	Ekki byrjað	Foreldrakannanir, endurgjöf foreldra, þátttaka í foreldraviðtölum og samskiptum.	Foreldrar upplifa að þeir hafi skýrari upplýsingar og fleiri leiðir til að styðja börn sín. Aukning verður í jákvæðum svörum um virkni foreldra í námi barna.
	Efla þátttöku foreldra í gerð námsáætlana og sameiginlegri markmiðasetningu með nemendum.	Skýra betur hlutverk foreldra í námsáætlunum og einstaklingsmarkmið um. Bjóða foreldrum markviss tækifæri til samráðs á foreldrafundum, í viðtölum og í gegnum stafræna miðlun.	24/08/2026	05/06/2028	Kennarar Stjórnendur	Ekki byrjað	Foreldrakannanir, þátttaka í samtölum og viðtölum, skráning um samráð við foreldra.	Foreldrar taka í auknum mæli þátt í umræðu um námsmarkmið barna sinna. Bættar niðurstöður mælast í foreldrakönnunum um aðkomu að námsáætlunum.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Kennarar og starfsfólk **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Stjórnendur	Nýta aðferðir starfenda-rannsókna. Halda fagfundi með þeim kennurum sem kenna tilteknar greinar, þ.e. stærðfræði og íslensku þvert á skólastigin.	Rýna og ræða mismunandi málefni skólans, t.d. útkomu úr námsmati, umbætur og þróun kennsluhátta. Starfsfólki gefinn kostur á að koma með tillögur að umræðuefni.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel		Að starfsmenn séu virkir þátttakendur í að ræða og rýna til gagns um mismunandi málefni skólans.
	Nýting tækninnar. Vinnað að því að nota gervigreindina meira í okkar starfi.	Stöðug nýsköpun við nýtingu tækni í námi; leit að nýjum leiðum; áhersla á skapandi vinnu.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Matslisti	Að við nýtum tækni og nýjungar í námi nemenda.
	Efla ræktun mannauðs með markvissari stuðningi, endurgjöf og faglegri eftirfylgni við starfsfólk.	Móta skýr viðmið um starfsþróun, stuðning og eftirfylgni. Skipuleggja reglulegt samtöl um starfsþróun, þarfir og líðan starfsfólks. Auka sýnileika stjórnenda í daglegu starfi.	25/08/2025	05/06/2028	Stjórnendur	Gengur vel	Starfsánægjuk annanir, starfsmannasamtöl, skráning um starfsþróun og símenntun.	Bættar niðurstöður mælast í könnunum um ræktun mannauðs. Starfsfólk upplifir meiri stuðning og markvissari eftirfylgni.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Skipulag og stjórnun **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Kennarar	Námsskipulag	Nám að stórum hluta skipulagt í þemu /viðfangsefni þvert á námsgreinar og nemendur hafa val um viðfangsefni; vinnulotur ráðast af viðfangsefnum.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Í vinnslu	Matslisti/Samtal/Endurgjöf nemenda	Kennarar þurfa að undirbúa og skipuleggja kennslustundir með það í huga að nemendur vinni þvert á námsgreinar í þemavinnu.
	Samræða og endurgjöf stjórnenda	Stjórnendur fylgjast reglubundið með kennslu og taka virkan þátt í samræðu um nám og kennslu, þar sem stöðug endurgjöf er hluti af daglegu starfi.	01/07/2024	30/06/2025	Stjórnendur	Gengur vel	Matslisti/Samtal	Stjórnendur þurfa að ætla þessu tíma og setja inn á vikuplan.
	Teymiskennsla. Reglulegir teymisfundir.	Auka samráð milli teyma og samstarf innan teyma með sameiginlega ábyrgð og árangur allra nemenda að leiðarljósi. Fá inn fagþekkingu sem gagnast nemendum með námslega- og/eða félagslega erfiðleika.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Matslisti/Samtal	Kynningar og umræðfundir innan teyma og á milli teyma. Utanaðkomandi námskeið eða fyrirlestrar.

Svið - Innra mat

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Stefnumörkun, innra mat og starfsþróun **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Stjórnendur	Að fyrir liggi stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda...	Móta og innleiða stefnu til að auka árangur nemenda...	01/07/2022	30/06/2026	Stjórnendur	Í vinnslu		
	Heilsueflandi skóli	Starfsmenn Vinna eftir hugmyndafræði um heilsueflandi skóla. Stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans. Bættur námsárangur nemenda og virk þátttaka í félagslífi.	01/07/2022	30/06/2026	Stjórnendur	Í vinnslu		Skipulag, vinnu og vilja.
	Kennsluaðferðir „Byrjendalæsis" og „Læsi fyrir lífið"	Vinna markvisst að bættu læsi og ritun með því að tileinka sér og nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir. Efla færni nemenda í gagnvirkum lestri og orðaforðavinnu.	01/07/2022	30/06/2026	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Matslisti	Skipulag, vinnu og vilja.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Lærdómssamfélag / Leiðsagnarnám	Stöðug áhersla á að allir nemendur læri. Samstarfsmenning og eindrægni um stuðning við nám bæði nemenda og fullorðinna. Árangursmiðaðir starfshættir sem bæta vinnubrögð og drífa stöðugar umbætur áfram.	01/07/2022	30/06/2026	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Matslisti	Skipulag
	Gera tímaramma umbótaverkefna skýrari og auðvelda markvissa eftirfylgni.	Setja fram skýr upphafs- og lokadagsetningar, millimarkmið og fastar dagsetningar fyrir stöðumat/endurskoðun. Samræma framsetningu umbótaáætlunar milli sviða.	24/08/2026	04/06/2027	Stjórnendur	Ekki byrjað	Rýni í umbótaáætlun, fundargerðir, stöðuskýrslur.	Öll verkefni hafa skýran tímaramma og skilgreind tímamót. Auðveldara er að meta stöðu og framvindu verkefna.
	Fara úr undirbúningi í formlega og tímasetta innleiðingu Heilsueflandi skóla.	Skilgreina ábyrgð, tímaramma og helstu aðgerðir. Virkja starfsfólk, nemendur og foreldra í undirbúningi og framkvæmd. Tengja verkefnið við geðheilbrigði, líðan, næringu og heilsusamlegt námsumhverfi.	24/08/2026	05/06/2028	Stjórnendur	Ekki byrjað	Verkefnaáætlun, stöðumat, kannanir meðal nemenda, foreldra og starfsfólks.	Formleg innleiðing er hafin með skýrri áætlun og ábyrgð. Skólinn vinnur markvisst að heilsu og vellíðan með sýnilegum aðgerðum.

Svið - Menntastefna sveitarfélagsins

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Efla jákvæða menningu **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Kennarar	Að breyta viðhorfi til náms nemenda frá því að hver og einn fari á sínum hraða í gegnum námsefnið yfir í að námshópurinn vinni að sama markmiði á sama tíma. Nemendum er veitt hlutdeild í ákvörðunum um námið og markvisst stuðlað að ábyrgð þeirra.	Að auka markvisst samræður og samvinnu nemenda við lærdóminn.	20/08/2025	04/06/2026	Kennarar	Gengur vel	Kennarinn metur eigin árangur út frá því hvernig honum tekst að kenna nemendum þannig að allir tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að.	Áhugi nemandans á náminu er megindrifkraftur hans. Nemandinn tekst á við áskoranir og veit að þannig lærir hann mest. Nemandinn telur mikilvægara að ná tökum á hæfninni en að klára viðfangsefni hratt.
Efla seiglu, hugrekki, og sjálfsmynd nemenda **Deild** Grunnskóli **Ábyrgð** Kennarar	Að breyta skipulagi kennslunar frá því að vera verkefna- eða námsefnisstýrð yfir í að vinna með tiltekna hæfni.	Að kennslustundin sé undirbúin í framhaldi af fyrra námi og með þá hæfni í huga sem nemendum er ætlað að tileinka sér. Tilgangurinn sé almennt skýr og nemendum sagt hvað þeir eigi að læra, vita, skilja eða geta. Viðmið segja þeim hvað þeir geti gert til að ná árangri.	01/07/2024	30/06/2025	Kennarar Stjórnendur	Gengur vel	Kennari skoðar sífellt tengslin milli kennslunar og árangursnemenda og gerir umbætur í samræmi við það.	Árangur nemenda er metinn eftir því hvernig þeim tekst að tileinka sér þá hæfni sem stefnt er að. Ferlið sjálft skiptir ekki minna máli en lokaafurðin. Kennarinn metur eigin árangur út frá því hvernig honum tekst að kenna nemendum þannig að allir tileinki sér þá hæfni sem skólanámskráin / aðalnámskrá grunnskóla kveður á um.